

Viðsnúningur fram undan

● Úrelt er að loka geðfatlaða inni á lokuðum geðdeildum til langs tíma og sjálfsgöð mannréttindi að gera þeim kleift að lifa lífi sínu í auknum lífsgæðum með því að vera nær sínum nánustu og sækja geðheilbrigðisþjónustu í sitt nærumhverfi.

Geðheilbrigðisráðstefnan í Trieste var haldin 9. til 13. febrúar síðastliðinn, en hana sóttu 700 fagaðilar og notendur frá flestum heimsálfum. Ráðstefnur af þessu tagi eru reglulega haldnar undir þeim formerkjum að nauðsyn sé á grundvallar uppstokkun í geðheilbrigðisþjónustu og sóttar af fólki sem sameinast um þá hugsun að gamaldags leið geðsjúkra hafa sé orðin úrelt og þjóni ekki lengur tilgangi sínum. Samtök fagfólks í geðheilbrigðisþjónustu vill aukna vitundarvakningu um það þrot sem geðheilbrigðisþjónusta á Vesturlöndum er komin í og færa þjónustu

frá stórum geðdeildum og sjúkrahúsum yfir í samfélagsþjónustu sem tengist betur heilsugæslu og félagsþjónustu, um leið og horfið verður frá einhliða lausnum geðlæknisfræðinnar og litið heildstætt og heildrænt á geðheilsuvanda. Í stefnumótun Geðhjálpur er einmitt unnið með þetta sjónarmið en stefnumótunin verður lögð fyrir á aðalfundi félagsins á morgun og síðan kynnt opinberlega.

Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpur, sótti geðheilbrigðisráðstefnuna í Trieste.

„Trieste er fyrirmyndarsveitarfélag Alþjóða heilbrigðisstofnun-

arinnar (WHO) og skiptir miklu að læra sem mest af þeim sem eru að gera það besta í geðheilbrigðisþjónustu á heimsvísu, um leið og við nýtum þá sérstöðu sem felst í fámenni okkar þjóðar og leiðir til þess að við getum gert hlutina enn betur en aðrir. Um það snýst okkar tillaga að stefnumótun og vona ég og treysti að við sjáum hana verða að veruleika innan tíðar,“ segir Sigursteinn og ítrekar að tíminn vinni ekki með Íslendingum.

„Þetta verðum við að vinna mjög, mjög hratt. Peninga í geðheilbrigðisþjónustu skortir ekki, en nauðsynlegt er að breyta áhersl-

um um hvernig við ætlum að verja þeim peningum. Ég vil sjá þá notaða í geðheilbrigðisþjónustu í nærumhverfi okkar í stað þess að vera með þessa þjónustu á stórum, þunglamalegum stofnunum. Sú áherslubreyting er auðveld með því fjármagni sem er til staðar og lít ég svo á að við höfum árið fram undan til að undirbúa breytinguna og vil sjá breytingarnar eiga sér stað strax á næsta ári.“

Að sögn Sigursteins eru tvö geðheilbrigðiskerfi á Íslandi, en það

FRAMHALD Á SÍÐU 7

Bls.7

FRAMHALD AF FORSIÐU

er annars vegar Akureyrarkerfið og svo Reykjavíkurkerfið.

„Akureyri varð að svokölluðu tilrauna-sveitarfélagi 1996 og tók þá yfir ábyrgð á málefnum fatlaðra og stjórn heilsugæslu í sínu sveitarfélagi. Við það varð til mjög áhugaverður vísir að samfélagsgeðþjónustu, þar sem félagsþjónusta, heilsugæsla og geðheilbrigðisþjónusta vinna miklum mun betur saman en á höfuðborgarsvæðinu þar sem málefni geðfatlaðra hafa verið í miklum ólestri. Af hálfu ríkisins er nálgun á geðheilbrigðisþjónustu hérlandis afar gamaldags, þrátt fyrir að hafa lukkast mjög vel á Akureyri þar sem hún hefur kallað á víðtækt samstarf allra aðila og heilðræna nálgun.“

Sigursteinn segir brýnt að allir aðilar taki sig saman og skipuleggi fyrirhugaða breytingu eins hratt og auðið er.

„Í jafn litlu samfélagi og á Íslandi höfum við tækifæri til að vinna hratt því við vitum upp á hárfærni við viljum gera. Breyting-

una þarf hins vegar að gera í áföngum og um hana þarf að vera rík samvinna. Ég er sannfærður um að vel muni takast vegna þess að geðheilbrigðisþjónusta er hér í talsverðum ógöngum. Því er ekki um annað að ræða en að skera upp þetta kerfi og gera á því grundvallarbreytingar,“ segir Sigursteinn, fullur trausts á almennum og góðum hljómgrunni þegar málin verða skoðuð ofan í kjölinn.

„Ég treysti því að fólk skoði þetta með viðsýni og opnum huga, og með hag almennings og þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda, að leiðarljósi. Vissulega verður breyting á höfum starfsfólks þegar þjónusta er gerbreytt, en ég er sannfærður um að fólk sjái að störfín verði miklu áhugaverðari eftir sem áður.“

Sigursteinn segir nýja kerfið verða á allan hátt sveigjanlegra, enda lagað að þörfum hvers og eins og með meiri eftirfylgni, sem mikill skortur hefur verið á. Þá muni fólk fá aukinn félagslegan stuðning.

„Í samanburði við geðheilbrigðisþjónustu sem við höfum hingað til búið við munum við fljótt sjá breytingu til hins betra á til-

gangi og hlutverki geðheilbrigðisþjónustunnar. Þá munum við leggja mikla áherslu á að hverfa frá lokuðum deildum og langvarandi meðferðarræðum sem byggja fyrst og fremst á lyfjameðferð. Þrjátíu ára reynsla annars staðar frá sýnir svo ekki er um villst að með öðrum áherslum, samfélags- og nærþjónustu, og auknum félagslegum stuðningi, hefur bati gengið miklu betur og einstaklingar, sem við venjulega köllum króníska sjúklinga og eru mánuðum eða árum saman á lokuðum geðdeildum, farnir að virka í samfélaginu á miklu betri hátt og njóta mun meiri lífsgæða á ótrúlega skömmum tíma. Það er kominn tími til að horfast í augu við þá staðreynd að við höfum ekki verið að gera hlutina með réttum hætti, en nú er tækifærið í höndum okkar. Því er algjör viðsnúningur fram undan og ekki um annað að ræða.“

-þlg

Sigursteinn Másson er formaður Geðhjálpur, sem á morgun leggur fram nýja stefnumótun í geðheilbrigðisráðgjafi og vill að horfið verði frá lokuðum geðdeildum og einhliða úrræðum geðlæknisfræðinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

